


Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2021

LIOL2IL05

Kennari	Ása Einarsdóttir asa.v.einarsdottir@fss.is	
Viðtalstími	Fimmtudaga kl. 9:05-9:45 í FS	
Námsefni	Essentials Of Anatomy And Physiology eftir Gerard J. Tortora og Bryan Erriksson. Ljósritað litmyndahefti.	
Áfangalýsing	<p>Markmið áfangans er að nemendur öðlist þá grundvallarþekkingu og skilning á byggingu og starfsemi mannslíkamans, sem er nauðsynleg fyrir frekara nám og störf á heilbrigðisviði. Farið er í byggingu og starfsemi hringrásarkerfis: blóð, hjarta, blóðæðar, blóðþrýstingur og stjórnun hans; vessakerfis: vessalíffæri, varnir, ónæmi; öndunarkerfis: öndunarvegur, lungu, öndunarhreyfingar, loftskipti, stjórnun öndunar; meltingarkerfis: aðal- og aukalíffæri meltingar, melting og stjórnun hennar; þvagkerfis: nýru, þvagblaðra, þvagpípur, þvagrás, þvagmyndun; æxlunarkerfis: innri og ytri kynfæri, myndun kynfrumna, kynhormón, tíðahringur. Auk þess er farið í grundvallaratriði fósturþroska. Fjallað er um hvernig starfsemi allra líffærakerfanna tengist innbyrðis og hvernig hún viðheldur innri stöðugleika líkamans. Öll líffærafræðileg umfjöllun gengur út frá latneskri nafngiftafræði.</p>	

Námsmat og vægi námsmatsþátta	Til að ná áfanga þarf að ná 4,5 úr lokaprófi til að fá vinnueinkunn metna. Að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum getur nemandi áunnið sér rétt til að láta vinnueinkunn gilda sem lokaeinkunn í áfanganum: Að vetrareinkunn sé 7,5 eða hærrí og að nemendur standi skil á öllum verkefnum/prófum sem getið er um í þessari áætlun.	
	Símatsáfangi <input type="checkbox"/>	Lokapróf <input type="checkbox"/>
	Heiti	
	Vægi	
	Fjögur Moodlepróf	20%
Tvö kaflapróf	30%	
Lokapróf	50%	

Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.
----------------------	---

Annað sem kennari vill láta koma fram	Athugið að vegna núverandi ástands geta orðið breytingar á þessari áætlun með litlum eða engum fyrirvara.
--	---

Þekking	Leikni
<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> ytri og innri gerð líffæra þeirra líffærakerfa sem fjallað er um og latnesk heiti þar að lútandi starfsemi þeirra líffærakerfa sem farið er yfir hvernig starfsemi líffærakerfanna tengist innbyrðis og viðheldur innri stöðugleika líkamans 	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> nota latnesk heiti við að lýsa afstöðu líffæra og líffærahluta tengja byggingu líffæra- og líffærahluta við starfsemi þeirra tengja í heild starfsemi líffærakerfanna rekja og útskýra flókin lífeðlisfræðileg ferli dýpka þekkingu sína í faginu með fjölbreyttri heimildavinnu vinna sjálfstæð kynningarverkefni
Hæfni	
<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> nýta þekkingu sína og leikni í líffæra- og lífeðlisfræði í öðrum námsgreinum og starfi greina á milli heilbrigðrar líkamsstarfsemi og fráviks frá henni taka þátt í faglegri umræðu er varðar líffæra- og lífeðlisfræði meta trúverðugleika töfralausna um bættu heilsu bera ábyrgð á eigin heilsu 	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	15 vikur x 4 klst.	60 klst.
Heimavinna/moodlepróf	15 vikur x 2 klst.	30 klst.
Undirbúningur f. Kaflapróf/	2 x 3 klst.	6 klst.
Undirbúningur f. lokapróf	12 klst.	12 klst.
Lokapróf	2 klst.	2 klst.
Alls		110 klst. = 5 fein*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 20. - 27. ágúst	14.kafli. Hjarta og æðakerfi. Blóð	
2. vika 30. ágúst - 3. september	14.kafli. Hjarta og æðakerfi. Blóð	
3. vika 6. - 10. september	15.kafli. Hjarta og æðakerfi. Hjarta	Moodlepróf 1. 10 sept
4. vika 13. - 17. september	15.kafli. Hjarta og æðakerfi. Hjarta	
5. vika 20. - 24. september	16. kafli. Hjarta og æðakerfi. Æðar	Kaflapróf 1. 23. sept
6. vika 27. sept. - 1. október	17.kafli. Vessa og ónæmiskerfi.	
7. vika 4. - 8. október	17.kafli. Vessa og ónæmiskerfi.	Moodlepróf 2. 1. okt
8. vika 11. – 15. október	18. kafli. Öndunarkerfi	Vinnustaðanám 4.-22. október
9. vika 18. - 22. október <i>Vetrarleyfi 18. og 19. okt.</i>	18. kafli. Öndunarkerfi	
10. vika 25. - 29. október	19. kafli. Melting	Moodlepróf 3. 29. okt
11. vika 1. - 5. nóvember	19. kafli. Melting	
12. vika 8. - 12. nóvember	21. kafli. Þvagkerfi	
13. vika 15. - 19. nóvember	21. kafli. Þvagkerfi	Kaflapróf 2. 18. nóv
14. vika 22. - 26. nóvember	22. kafli. Vökva-, salta- og sýru- basajafnvægi	Moodlepróf 4. 26. nóv
15. vika 29. nóv. - 3. desember	23. kafli. Æxlunarkerfi	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Ása Einarsdóttir